Kristjana Friðbjörnsdóttir
Karl Jóhann Jónsson teiknaði myndir

# Hundakúnstir

Námsgagnastofnun 2015




## Vinnubók

Helga Hauksdóttir
kennsluráðgjafi
Skóladeild Akureyrar 2015



Hvað heitir þú?

___________________________________________

Í hvaða skóla ert þú?

______________________________________



Reyndu að fylla línurnar af orðum sem byrja á þessum stöfum:

**H** ______________________________________________

**U** ______________________________________________

**N** ______________________________________________

**D** ______________________________________________

**A** ______________________________________________

**K** ______________________________________________

**Ú** ______________________________________________

**N** ______________________________________________

**S** ______________________________________________

**T** ______________________________________________

**I** ______________________________________________

**R** ______________________________________________

Hvaða orð var í rammanum? _________________________________

Hvað er bókin þín margar blaðsíður? ___________________________

Á hvaða blaðsíðu endar sagan? _______________________________

Hvað eru margir kaflar í sögunni? _____________________________

Skoðaðu myndina á blaðsíðu 5. Skrifaðu nöfnin á því sem er á myndinni.

Reyndu að skrifa 8 orð: ____________________________________

_______________________________________________________



**Kláraðu myndina**

Þessi hundur er með tvær svartar doppur. Hann þarf að fá 8 svartar doppur í viðbót. Litaðu ólina hans bláa með gulum doppum og tunguna rauða.

**Að safna orðum í ský**



Búðu til stórt og fallegt ský úr bláu kartoni og festu það upp á vegg.  Þetta er „veðurskýið“ okkar og við ætlum að safna í það orðum um veðrið. Á blaðsíðu 5 eru þrjú orð um veður sem þú ætlar að skrifa á miða og festa á skýið.

Hvaða orð um veður fannst þú á blaðsíðu 5?



Búðu til fleiri litla miða og skrifaðu á þá orð sem þú þekkir um veður og festu á skýið. Þú getur líka teiknað myndir sem passa við orðin.

**Andheiti** eru orð sem hafa andstæða  (öfuga) merkingu,t.d. svart – hvítt.

Gerðu strik á milli andheita:

| | |
|---|---|
| **dagur** | **rok** |
| **logn** | **harður** |
| **bjart** | **nótt** |
| **mjúkur** | **dimmt** |

**Mundu að svara með heilum setningum:**



Hvað heitir stelpan í bókinni sem við erum að lesa?

______________________________________________

Hún á afmæli í dag. Hvað verður hún gömul? ____________________

______________________________________________

Hvað langar hana til að fá í afmælisgjöf? ______________________

______________________________________________

Hvað langar þig til að fá í afmælisgjöf?

______________________________________________

Búðu til eins mörg orð og þú getur úr stöfunum í orðinu hér að neðan.

Þú mátt nota hvern staf eins oft og þú vilt.

**afmælisgjöf**

______________________________________________

______________________________________________

Stelpan á myndinni er að leita að dýrunum sínum.

Hjálpaðu henni að leita og litaðu dýrin.



(Mynd: Vinnubók með *Lesum og lærum.* Námsgagnastofnun)

Hvaða dýr á stelpan? ________________________________________

Hvaða dýr vildir þú helst eiga? _________________________________

Skrifaðu nöfnin á rétta staði:

| geit | hreindýr | kýr |
|---|---|---|







__________________ __________________ ___________

Hvernig var veðrið á afmælisdaginn hennar Nönnu?

- ☐ Það var sól og hiti.
- ☐ Það var sól og rok
- ☐ Það var rok og rigning



Hvað fékk Nanna í afmælisgjöf?

- ☐ Hund og kött
- ☐ Hund og pennaveski
- ☐ Pennaveski og dúnúlpu
- ☐ Dúnúlpu og hund

Hafði pabbi lofað hundi?

- ☐ Já, hann var búinn að lofa að gefa Nönnu hund.
- ☐ Nei, hann sagði að kannski fengi Nanna hund.

Hvernig hund langar Nönnu í:

- ☐ husky hund
- ☐ íslenskan fjárhund

Við getum þekkt íslenska fjárhunda á útliti þeirra.

Teiknaðu skott og eyru íslenska hundsins í hringina:

**skott** **eyru**





Er þetta mynd af íslenskum hundi?

___________________________________

Hvernig veistu það? ___________________________________________

______________________________________________________________

**Hundar**

Hundar voru upphaflega villtir en þeir hafa fylgt manninum lengi og teljast nú til húsdýra. Það eru til margar tegundir af hundum; þeir eru bæði litlir og stórir, loðnir eða snögghærðir.

Karldýrið heitir hundur, kvendýrið tík og afkvæmið heitir hvolpur.

Þeir sem eiga hund þurfa að hugsa vel um þá. Þeir þurfa að fá að hreyfa sig úti, þeir þurfa alltaf að hafa vatn í dalli og þeir þurfa að borða hollan mat.



Það þarf að kenna hundum að hlýða húsbónda sínum. Það er hægt að kenna þeim að sitja, liggja og þeir þurfa að læra að ganga úti í taumi. Það tekur langan tíma að þjálfa hund vel.

Sumir hundar eru varðhundar og verja húsbónda sinn og heimilið. Aðrir eru veiðihundar og hlaupa og sækja fugla sem eru skotnir. Enn aðrir eru smalahundar og þeir eru duglegir að safna saman kindum og reka þær.

Er Emma hundur eða tík?

________________________________________

Er búið að þjálfa Emmu?

________________________________________

Hvað gerir Emma sem hún má ekki gera?

1. ____________________________________

2. ____________________________________

3. ____________________________________

**Finndu orðin sem passa á strikin á blaðsíðu 20:**

Emma þaut fram og til baka í rúminu þar til hún settist niður og

___________________ á miðja sængina.

Eftir þetta fór pabbi með Emmu niður í ___________________________

og bjó til gott ________ fyrir hana þar.

En Emma vildi ekki sofa __________. Hún ___________ og ________

og hélt vöku fyrir fjölskyldunni. Alveg þar til pabbi lagðist hjá henni á

___________________. Þá ____________ hún. En alltaf þegar pabbi

ætlaði að _______________ í burtu vaknaði Emma og fór að væla.



Horfðu á myndirnar á blaðsíðu 21. Hvernig eru sokkarnir á myndunum?

☐ köflóttir ☐ einlitir ☐ röndóttir

Mamma og pabbi segja að Emma sé óþæg. Það sé best að hún fari burt. En þá kemur Smári með góða hugmynd. Hann segir að það sé best að Nanna og Emma fari saman í _________________________. (bls.26)

Hvað þarf að kaupa áður en þú færð hund? ________________________

______________________________________________________________

Stundum verða hundar veikir eða þeir meiða sig. Hvað gerum við þá?

______________________________________________________________

Hvað getum við gert ef við eigum hund og ætlum að fara til útlanda?

______________________________________________________________

______________________________________________________________

Flestir gefa hundinum sínum eitthvert nafn. Sum nöfn passa vel fyrir hunda og önnur nöfn passa fyrir tíkur.

Nöfn á tíkur: ________________________________________________

__________________________________________________



Nöfn á hunda:

________________________________________________

______________________________________________________________

**Hvað heita þessar tegundir hunda? Tengdu mynd og tegund.**



husky hundur



Íslenskur hundur



dalmatíu hundur



chi hua hua hundur



shefffer hundur

**Um hunda**



| K - kann | V – vil vita | L – hef lært |
| --- | --- | --- |
| | | |

**Stundaskrá - Hvernig þarf Nanna að hugsa um hundinn sinn?**

| klukkan | sunnudagur | mánudagur | þriðjudagur | miðvikud. | fimmtudagur | föstudagur | laugardagur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

**Orðasúpa**

**Í þennan pott ætlum við að setja öll orð sem passa við hunda. Reyndu að finna eins mörg orð og þú getur og skrifaðu þau í skýin.**





**Krossglíma**

Lykilorðið í þessari krossglímu er **hundaskóli**. Reyndu að finna orð sem tengjast hundum og settu á strikin inn í krossglímuna.

| | | |
|---|---|---|
| | **H** | |
| | **u** | |
| | **n** | |
| | **d** | |
| | **a** | |
| | **s** | |
| | **k** | |
| | **ó** | |
| | **l** | |
| | **i** | |

Notaðu orðin sem þú settir í krossglímuna og skrifaðu svolítið um hunda.

Teiknaðu mynd af einhverju sem gerist í sögunni um Emmu og Nönnu.

Tengdu saman orð og mynd



timburhús



kirkja



skemma



kastali



steinhús

Í hvernig húsi var hundaskólinn? ______________________________

Hvað hét hundaþjálfarinn? ___________________________________

Hvað gerði Hafliði þegar hann vildi að allir hundarnir hlustuðu?

________________________________________________________

________________________________________________________

Nanna var ekki glöð af því að :

- ☐ Veðrið var svo vont.
- ☐ Hafliði var ekki skemmtilegur kennari.
- ☐ Emma var óþekkasti hundurinn á námskeiðinu.
- ☐ Pabbi kom of seint að sækja hana.

Hvað fannst Emmu best að fá að borða?

- ☐ Hundamat.
- ☐ Pylsur.
- ☐ Pop.



Emma vildi ekki hlýða Nönnu í prófinu. Nanna fór út og faldi sig á bak við stóran jeppa af því að:

- ☐ Hún var að hringja í pabba sinn.
- ☐ Hún var að skamma Emmu.
- ☐ Hún vildi ekki að neinn sæi að hún var að gráta.

Allt í einu hljóp Emma af stað í rigningunni og hvarf. Hún var týnd. Nanna hljóp af stað til að leita. Loksins fann hún Emmu en þá rataði hún ekki til baka. Hvað gerði hún þá?

- ☐ Fór að sofa.
- ☐ Lét Emmu þefa af pylsu og sagði henni að leita.
- ☐ Labbaði upp á fjall.

Allt í einu sá Nanna pabba og Hafliða. „Baunin mín, hvar hefurðu verið?“ spurði pabbi.

Af hverju kallar pabbi Nönnu **baun**?

- ☐ Af því að honum finnast baunir góðar.
- ☐ Af því að Nanna er svo lítil.
- ☐ Af því að Nanna borðar mikið af baunum.



Hvar er hundurinn?

Hann ________________________________________

Kláraðu myndina og skrifaðu sögu um hana



______________________________________________________________

______________________________________________________________

______________________________________________________________

______________________________________________________________

______________________________________________________________

______________________________________________________________

Þessi hundur á heima í hundakofa.

Hvar er hundurinn á myndunum?

| | | |
|---|---|---|
| Inni í kofanum. | Bak við kofann. | Fyrir framan kofann. |



Hvaða stafi vantar í orðin?

Ég hei__i  Snati.

__g er g__ður h__ndur.

Besti v__nur minn heitir Kr__mmi.

H__nn er sv__rtur á li__inn, alveg ein__ og hrafn.

Okkur f__nnst g__man a__ hlaupa úti og leika  __kkur m__ð  b__lta.



Verkefni

1. Nú skalt þú fá stórt blað eða karton hjá kennaranum þínum.
2. Teiknaðu mynd af stóru hundabeini og klipptu það út.
3. Fáðu kennaratyggjó og festu beinið upp á vegg.
4. Skrifaðu allt sem þú veist um hunda inn í beinið. Það má líka teikna myndir eða klippa út myndir.
5. Þegar þessu er lokið sérðu að nú veist þú margt um hunda.



Verkefni

Nú skaltu ná þér í skæri. Svo klippir þú út öll hólfin með orðum hér fyrir neðan. Svo skaltu reyna að raða þeim öllum í rétta röð í sex setningar. Passaðu að það sé tölustafur í öllum hólfunum. **Límdu orðin á næstu blaðsíðu.**

✂ ---------------------------------------------------------------------------------------------------------------

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1<br>**Í** | 1<br>**úti.** | 1<br>**er** | 1<br>**veður** | 1<br>**gott** | 1<br>**dag** | | |
| 2<br>**Þá** | 2<br>**og** | 2<br>**Nanna** | 2<br>**fara** | 2<br>**Emma** | 2<br>**gönguferð.** | 2<br>**í** | |
| 3<br>**Allt** | 3<br>**sér** | 3<br>**einu** | 3<br>**í** | 3<br>**kött.** | 3<br>**stóran** | 3<br>**Emma** | |
| 4<br>**Hún** | 4<br>**stað.** | 4<br>**hátt** | 4<br>**og** | 4<br>**af** | 4<br>**hleypur** | 4<br>**geltir** | |
| 5<br>**Komdu** | 5<br>**Nanna.** | 5<br>**segir** | 5<br>**strax** | 6<br>**Emma** | 6<br>**strax.** | 6<br>**henni** | 6<br>**hlýðir** |

**Hér á að líma orðin í réttar setningar**



Nú skalt þú prófa að búa til nokkrar spurningar úr bókinni Hundakúnstir.

Athugaðu svo hvort bekkjarfélagar þínir, sem hafa lesið bókina, viti svörin.

Spurning 1:

Spurning 2:

Spurning 3:

Spurning 4:

